

Jafnlaunastefna GPG SEAFOOD ehf.

Jafnlaunastefna GPG SEAFOOD ehf. (kt.551203-2470) er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir alla starfsmenn félagsins. Jafnlaunastefnan skal uppfylla viðeigandi viðmið um jafnlaunastefnur í samræmi við ÍST 85. GPG SEAFOOD ehf. skuldbindur sig til að fylgja viðeigandi lagalegum kröfum, m.a. lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, og öðrum kröfum sem félagið undirgengst varðandi meginregluna um að öllum kynjum skuli vera greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

GPG SEAFOOD ehf. greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna GPG SEAFOOD að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 9. og 10. mgr. 2. gr. laga og 19. gr. fyrrnefndra laga. Launa ákvarðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur GPG SEAFOOD ehf. sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. GPG SEAFOOD ehf. hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund, eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Umsjónarmaður jafnlaunakerfisins ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu og sér til þess að kerfið sé skjalfest, innleitt og stöðugt uppfært. Allir stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum og eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem fram koma við rýni á jafnlaunakerfinu.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að stefnunni sé framfylgt.

Samþykkt á stjórnarfundí þann 01.11. 2022



Fh.
GPG Seafood ehf
Kt: 551203-2470